



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið  
b.t. skrifstofu húsnæðis- og lífeyrismála  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2021

2010063SA TP  
Málalykill: 02.33

### Efni: Lokaskýrsla með tillögum um breytingar á umönnunarmati

Vísað er til lokaskýrslu, dags. í febrúar 2020, frá starfshópi skipuðum af félagsmálaráðherra sem falið var að yfirfara lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna (foreldragreiðslur) og ákvæði laga um félagslega aðstoð þar sem kveðið er á um umönnunargreiðslur til framfæranda fatlaðra og langveikra barna. Sambandið fékk skýrsluna senda í lok október 2020 en dregist hefur að ljúka við umsögnina. Er beðist velvirðingar á því.

Markmið endurskoðunarinnar var að meta reynslu af framkvæmdinni og þörf á breytingum á framangreindum lögum, ásamt þeim reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli laganna.

Sambandið hefur yfirfarið efni skýrslunnar út frá sjónarhorni sveitarfélaga og telur jákvætt að félagsmálaráðherra láti semja frumvarp sem lagt verði fram á Alþingi. Þingmálaskrá ráðherra gerir ráð fyrir framlagningu frumvarps í mars sem komi í stað í stað laga nr. 22/2006, og 4. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Frumvarpinu er ætlað að ná fram einföldun kerfis með sameiningu foreldragreiðslna og umönnunargreiðslna auk þess sem greiðslur til foreldra taki mið af umönnunarpörf og kostnaði sem er tilkominn vegna fötlunar og veikinda barnsins.

Á þessu stigi máls lúta ábendingar sambandsins að tvennu:

- a) Samspil nýs kerfis við önnur önnur þjónustukerfi. Tekið er undir niðurstöður starfshópsins hvað þetta varðar og sérstök áhersla lögð á að væntanlegt frumvarp leysi úr skörun á milli NPA-þjónustu og umönnunargreiðslna.
- b) Taka þarf afstöðu til skattalegrar meðferðar greiðslna skv. nýju fyrirkomulagi. Af hálfu sveitarfélaga er lögð sérstök áhersla á að samræmi verði tryggt. Verði sú breyting gerð að umönnunargreiðslurnar teljist til skattskyldra tekna getur slíkt haft áhrif til lækkunar á tekjutengdum greiðslum sem umönnunaraðili nýtur frá öðrum greiðslukerfum svo sem vegna náms, örorku eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Öll slík áhrif þarf að rýna vandlega og taka jaðaráhrif og víxlverkanir með í reikninginn.

Sambandið ítrekar einnig að sveitarfélögin hafa hagsmuni af því hvernig stjórnsýslan í kringum umönnunarmat þróast, en skv. gildandi fyrirkomulagi annast sveitarfélögin þann þátt mála.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri